

1.16 Opinber þjónusta í nálægum byggðum

Ástæða fyrir vali á vísu

Tilkoma Fjarðaáls og Fljótsdalsstöðvar getur leitt til breytinga á eftirspurn eftir opinberri þjónustu á svæðinu. Aukinn fjöldi fólks í nálægum byggðum á byggingar- og rekstartíma virkjunar og álvers mun leiða til þess að meiri eftirspurn verður t.d. eftir heilsugæslu og þjónustu grunnskóla og leikskóla. Fjölgun fólks verður annars vegar vegna þeirra starfsmanna sem vinna fyrir Fjarðaál, Landsvirkjun og verktaka þeirra, og hins vegar vegna þeirra sem flytja á svæðið vegna óbeinna starfa sem skapast í þjónustu og verslun í tengslum við fyrirtækin. Aðgengi að heilsugæslu og gæði þjónustu eru dæmi um opinbera þjónustu sem ætti að þróast í samræmi við fjölgun fólks á svæðinu.

Hvað er mælt?

- a) Ánægja íbúa með heilbrigðisþjónustu á Austurlandi (áhrif framkvæmda: afleidd)
- b) Ánægja íbúa með opinbera þjónustu í sveitarfélögum

Áætlun um vöktun:

- a) Könnun Landlæknisembættisins í öllum heilsugæslum og sjúkrahúsum landsins (spurning 16 e)

Vandi: Landlæknir framkvæmir ekki lengur kannanir v/heilsugæslu og skoðanakannanir á vegum gallup hafa ekki verið framkvæmdar. Alcoa hefur spurt "Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þá þjónustu sem er í boði á Mið-Austurlandi?" Með „þjónustu“, þá er átt við alla þjónustu. Hægt væri að setja þessa mælingu inn og bæta við mælingum um ánægju með opinbera þjónustu, eða aðra sérhæfða þjónustu eftir því sem fyrirtækin eru tilbúin að greiða fyrir þá þjónustu.

- b) Spurningalisti verður útbúinn í samvinnu við Gallup.

Liður b) var því miður ekki framkvæmdur. Hinsvegar hefur Alcoa spurt í Austurlandsvagninum (skoðanakönnun Capacent-Gallup): "Hversu ánægður ertu með þjónustu á Mið-Austurlandi", þá er átt við alla þjónustu. Hægt væri að setja þessa mælingu inn og bæta við mælingum um ánægju með opinbera þjónustu, eða aðra sérhæfða þjónustu eftir því sem fyrirtækin eru tilbúin að greiða fyrir þá þjónustu.

Innlegg í umræðu vinnuhóps:

- Er þessi vísir mikilvægur?
 - Af hverju?
- Er hann viðeigandi?
 - Ná ofangreindar mælingar og vöktunaráætlun að fanga upplýsingar um væntingar, áhyggjur eða óskastöðu sjálfbærni-vísisins?
- Er hægt að gera betur?
 - Er hópurninn með tillögu eða hugmynd um framhald?